



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Stuttar námsleiðir og námskeið í fötlunarfræði veturinn 2010-2011

Diplómanám í fötlunarfræði

Diplómanámið er þverfaglegt og opið öllum sem hafa lokið BA námi eða sambærilegri menntun. Tvær námsleiðir eru í boði.

- **Diplómanám í fötlunarfræði (30 ECTS).** Nám sem hægt er að taka með starfi á þremur misserum. Námið samanstendur af þremur námskeiðum (*Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræði 10e, Fötlun, sjálf og samfélag 10e og Fötlun í menningu samtímans 10e*).
- **Diplómanám í fötlunarfræði með áherslu á opinbera stjórnsýslu (32 ECTS).** Nám sem fólk getur tekið á tveimur árum samhliða starfi. Námið samanstendur af fjórum námskeiðum: Tveimur námskeiðum í fötlunarfræði (*Kenningar og sjónarhorn í fötlunarfræði 10e og Fötlun, sjálf og samfélag 10e*) og tveimur í opinberri stjórnsýslu (*Starfsumhverfi og stjórnun sveitarfélaga 6e og Stjórnsýslaréttur fyrir starfsmenn opinberra stofnanna 6e*). Þessi námsleið er skipulögð í tilefni af yfirfærslu málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga.

Fólk sem býr úti á landi getur tekið námið í fjarnámi. Diplómanámið má fá metið sem hluta af MA námi í fötlunarfræðum og sem hluta af MPA námi í opinberri stjórnsýslu með áherslu á fötlunarfræði að uppfylltum inntökuskilyrðum.

Nánari upplýsingar: Hanna Björg Sigurjónsdóttir dósent og formaður Námsbrautar í fötlunarfræðum hbs@hi.is, sími 525-4344 og Rannveig Traustadóttir prófessor rannvt@hi.is. Sjá einnig á http://www.hi.is/is/felagsvisindasvid_deildir/felags_og_mannvisindadeild/nam/fotlunarfraedi

Stutt námskeið haldin í samstarfi Endurmenntunar HÍ og Námsbrautar í fötlunarfræðum

Námskeiðin eru öllum opin – engar forkröfur eru gerðar. Einnig í fjarnámi.

- **Sjálfstætt líf og notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA)**
Laugardagur 25. september 2010 kl. 9.00 – 17.00
Kennarar: Freyja Haraldsdóttir þroskaþjálfari og MA nemi, Vilborg Jóhannsdóttir lektor og Rannveig Traustadóttir prófessor við HÍ
- **Fötlunarfræði: Helstu hugtök og sjónarhorn**
Október 2010 6x (fjóra eftirmiðdaga og tvo laugardagsmorgna)
Kennari: Rannveig Traustadóttir
- **Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks**
Laugardagur 20. nóvember kl. 9:00 – 17:00
Kennarar: Ýmsir sérfræðingar í mannréttindum og málefnum fatlaðs fólks.

Nánari upplýsingar: Jóhanna Rútsdóttir, Endurmenntun HÍ hannaru@hi.is og Rannveig Traustadóttir, Námsbraut í fötlunarfræðum rannvt@hi.is. Sjá einnig á heimasíðu Endurmenntunar <http://www.endurmenntun.is/Namsframbod/Namskeid/Heilbrigdisogfelagssvid/>